

Mál nr. 181/2022**Nafn málskotsaðila (M)****Nöfn varnaraðila (V): (V1) og (V2).****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: (A), og (C).****Sakarskipting. Ekið aftur á bak.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 8. júní 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V2 dags. 26. júlí 2022 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 19. október 2022 ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótargögn frá V2 dags. 23. nóvember 2022.
5. Bréf V1 dags. 30. nóvember 2022.
6. Viðbótarathugasemdir M dags. 1. desember 2022.
7. Viðbótarathugasemdir M dags. 2. desember 2022.

Málsatvik.

Hinn 6. október 2021 varð árekstur milli A, sem M ók umrætt sinn, og B í bílastæðahúsi við Kringluna. M telur að B beri ábyrgð á árekstrinum og vísar í málskoti til þess að ekkert sé að marka óstaðfesta og óundirritaða skýrslu Aðstoðar & öryggis. Þá hafi starfsmaður þess fyrirtækis komið á vettvang þrátt fyrir að hringt hafi verið í neyðarlínu lögreglu. Kemur fram í fylgigögnum málsins að lögmaður M hafi m.a. kvartað við Lögreglustjóran á höfuðborgarsvæðinu svo og eftirlitsnefnd með störfum lögreglu vegna þessa.

Þar sem M setti fram athugasemdir um efni skýrslunnar var kallað eftir upptöku Aðstoðar & öryggis við meðferð málsins. Má sjá af myndbandinu að bifreiðin A stendur u.þ.b. hálf út úr ysta bifreiðastæðinu í stæðaröðinni. Má jafnframt sjá að hún og B, sem er staðsett aftan við bifreiðastæðin hafa rekist saman og eins má sjá að A hefur rekist á C, sem var kyrrstæð og mannlaus í bifreiðastæði vinstra megin við A.

Í fyrirliggjandi skýrslu Aðstoðar & öryggis er haft eftir M að hún hafi ekið inn í bílastæði en þurft að laga sig til í stæðinu. Hún hafi séð B koma akandi á móti sér til hægri. M hafi bakkað rólega úr stæðinu en þá hafi B verið beygt til hægri og á hægri afturhorn A. A hafi bara verið komin smá út úr stæðinu þegar áreksturinn varð. Við áreksturinn hafi A kastast til vinstri og á bílinn sem var í stæðinu vinstra megin. Í fyrirliggjandi myndbandi má heyra að M segist hafa verið að fara að leggja og að bakka. Síðar í myndbandinu segist hún þá hafa séð B koma akandi til hliðar við sig en hún hafi ekki séð B taka hægri beygju. Þá segir M jafnframt: „Ég kem hingað bara hérna og hugsaði að ég hafi bara verið að keyra á þetta aftur“ og bendir á kantstein við bifreiðastæðið. Einnig má heyra M segja að hún hafi verið að laga sig í stæðinu. Í viðbótaraathugasemdum M til nefndarinnar kemur fram að hún telji ekki rétt haft eftir sér í skýrslunni, hið rétta sé að hún hafi verið að laga A svo hún yrði í miðju stæðinu, hún hafi verið búin að bakka aðeins út er B var ekið á A. A hafi þá verið á leið inn í stæðið en ekki út úr því. Hún hafi þá hemlað við áreksturinn enda hafi hún talið sig hafa ekið á kantstein hægri megin við bifreiðina þegar hún ók áfram inn í stæðið. Þá hafi vinkona M verið með í för og geti hún borið um framangreint. Jafnframt kemur fram að íslenska sé ekki móðurmál M og séu svör hennar mörkuð af því, auk þess sem hún hafi verið í uppnámi í kjölfar atviksins.

Í fyrirliggjandi skýrslu er þá haft eftir B að hún hafi ekið í norðurátt í bílastæðahúsinu en svo beygt til hægri í austurátt. A, sem hafi verið B á hægri hönd, hafi þá verið bakkað út úr stæði og á B. B skiljist að M hafi verið að rétta A af í stæðinu, en þegar B hafi ekið framhjá hafi A verið að hluta til uppi á kanti. Í fyrirliggjandi myndbandi má heyra að B segist hafa verið að taka beygjuna og síðar í upptökunni kemur fram hjá henni að M hafi verið að leggja í stæðið, en hafi lagt þannig að A fór upp á gangstéttina, og hafi M verið að laga A í stæðinu þegar A var bakkað á B.

V1 sem var váttryggjandi A og C á tjónsdegi gerir ekki athugasemdir vegna málsins.

Í bréfi V2, sem var váttryggjandi B á tjónsdegi er vísað til þess sem haft er eftir aðilum í fyrrgreindri skýrslu, en á grundvelli þess telji félagið ljóst að A hafi verið að bakka út úr bifreiðastæðinu í aðdraganda áreksturs. Þá styðji ákomur á bifreiðarnar jafnframt við þá afstöðu, enda hafi tjónið á B

verið á miðri hlið hans, en hefði B verið ekið á A hefði tjónið á B verið framar. Þá er því mótmælt að umrædd skýrsla Aðstoðar & öryggis sé ólögmeitt sönnunargagn svo sem haldið sé fram af hálfu M.

Í viðbótarathugasemdom M er áréttuð sú afstaða að títtnefnd skýrsla hafi ekkert sönnunargildi í málinu. Jafnframt megi ráða af gögnum málsins að B hafi í aðdraganda áreksturs verið ekki eftir rangri akrein, þ.e. þeirri vinstri, þ.e. fjær A, sem bendi til þess að B hafi „ætlað að taka sénsinn“ og komast framhjá A. Þá hafi B verið í hægri beygju er árekstur varð sem bendi til þess að til hafi staðið að sveigja framhjá A. Þá leggur M fram yfirlýsingu framangreinds vitnis sem var í bifreiðinni með M varðandi það að A hafi verið að aka inn á bifreiðastæði þegar B beygði á reinina sem A var að aka inn á stæðið af og á hægra afturhorn A.

Álit.

Eins og að framan er rakið má sjá að frásagnir ökumanna eru nokkuð nákvæmari og framsetning þeirra skipulegri í fyrirliggjandi skýrslu en í framlögðu myndbandi. Verður þó ekki talið að slíkt misræmi sé þar á milli að leiði til þess að skýrslan verði að engu hafandi. Með hliðsjón af því sem fram kemur á framlögðu myndbandi telur nefndin því, en rétt er að taka fram að nefndin tekur ekki afstöðu til umkvartana lögmanns M vegna starfa lögreglu enda slíkt utan verksviðs hennar, ekki þá ágalla á skýrslunni að ekki verði byggt á henni við úrlausn málsins. Frásögn B er sú, bæði í umræddri skýrslu og á framlögðu myndbandi, að M hafi verið að rétta A af í stæðinu þegar A var bakkað á B. Er það í sjálfu sér ekki í ósamræmi við frásögn M, en samkvæmt framansögðu verður að líta á umrædda skýrslu og framlagt myndband sem frumgögn í málinu, í framlögðu myndbandi. Þá má jafnframt heyra í umræddu myndbandi að starfsmaður Aðstoðar & öryggis dregur frásögn M saman á eftirfarandi hátt: „Ók inn í stæði, ætlaði að laga mig í stæðinu, bakkar...“ Var þeirri lýsingu ekki mótmælt af hálfu M meðan á upptöku stóð. Af þessu leiðir að það er mat nefndarinnar að A hafi verið ekið aftur á bak í aðdraganda áreksturs. Verður jafnframt að telja að ákomur á bifreiðarnar séu til samræmis við þá atburðarás.

Í 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 er kveðið á um að ökumaður skuli, áður en hann snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak, ganga úr skugga um að það sé unnt án þess að skapa hættu eða óþægindi fyrir aðra. Verður að miða við að M hafi ekki gætt nægilega að þessum áskilnaði umrætt sinn, enda má jafnframt ráða af frásögn hennar sjálfar að hún hafi ekki veitt B athygli eftir að B var beygt til hægri. Ber M því meginhluta sakar á umræddum árekstri.

Hins vegar verður ekki að fullu litið framhjá því að af framburði B má ráða að er hún ók framhjá, þ.e. áður en hún beygði til hægri, hafi hún séð að A var að hluta uppi á kanti. Verður því að telja að sérstakt tilefni hafi verið fyrir B að sýna tillitssemi og varúð, sbr. 4. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, enda hafi B við þessar aðstæður mátt ætla að ökumaður A væri enn að athafna sig í bifreiðastæðinu og að tilefni væri því til sérstakrar aðgæslu. Ber ökumaður B því jafnframt nokkra sök á árekstri aðila.

Samkvæmt því, sbr. og 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar, verður sök skipt þannig að A ber 3/4 hluta sakar en B 1/4 hluta.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 3/4 hluta sakar á umræddum árekstri en ökumaður B 1/4 hluta. .

Reykjavík, 13. desember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir